

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 223/2023

frá 22. september 2023

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/58 frá 5. janúar 2023 um leyfi til að setja á markað liffur *Alphitobius diaperinus* (dritbjalla) í frystu formi, deigformi, þurrkuðu formi og duftformi sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/65 frá 6. janúar 2023 um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1648 um leyfi til að setja á markað xýló-fáskykrur sem nýfæði, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1686 um leyfi fyrir rýmkun á notkun basískis mysupróttíneinangurs úr mjólk úr nautgripum sem nýfæði og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/96 um leyfi til að setja á markað 3'-síalýllaktósanatríumsalt sem nýfæði ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 5, 6.1.2023, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 6, 9.1.2023, bls. 1.

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 124b (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470):
 - „– **32023 R 0058**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/58 frá 5. janúar 2023 (Stjtið. ESB L 5, 6.1.2023, bls. 10),
 - **32023 R 0065**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/65 frá 6. janúar 2023 (Stjtið. ESB L 6, 9.1.2023, bls. 1).“
2. Eftirfarandi undirlið er bætt við 149. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1648):
 - „– **32023 R 0065**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/65 frá 6. janúar 2023 (Stjtið. ESB L 6, 9.1.2023, bls. 1).“
3. Eftirfarandi undirlið er bætt við 169. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1686):
 - „– **32023 R 0065**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/65 frá 6. janúar 2023 (Stjtið. ESB L 6, 9.1.2023, bls. 1).“
4. Eftirfarandi undirlið er bætt við 191. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/96):
 - „– **32023 R 0065**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/65 frá 6. janúar 2023 (Stjtið. ESB L 6, 9.1.2023, bls. 1).“

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2023/58 og (ESB) 2023/65, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. september 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2023.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður